

Juris
V.t. Andri Árnason hrl.
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Reykjavík, 10. febrúar 2016

Efni: Samningaviðræður vegna landréttinda í Arnarnesi

Vísað er til bréfs yðar dags. 27. janúar s.l. sem og samtöl í framhaldi af því. Líkt og fram kom í bréfi yðar varðandi tillögu umbjóðenda minna sem lögð var fram í janúar 2016, hafði bæjarráð Garðabæjar tekið tillöguna til umræðu á fundi ráðsins 26. janúar s.l. Í bókun bæjarráðs kom fram að bæjarráðið gæti ekki fallist á tillöguna sem lausn um meintan ágreining aðila enda fælist í henni verulegt frávík frá þeim hugmyndum sem Garðabær hefur kynnt til lausnar á málinu. Tillaga umbjóðenda minna var sett fram í kjölfar fjölda funda milli lögmanna aðila þar sem óskað hafði verið eftir því að landeigendur settu fram kröfu sína með hliðsjón af því að endurgjald Garðabæjar yrði í formi lóða í nýju hverfi í svokölluðu Hnoðraholti. Slíkt gerðu landeigendur eftir skoðun sína á mögulegu verðmæti lóða í Hnoðraholti, en ljóst er að veruleg óvissa er um hvert verðmæti slíkra lóða sé og komi til með að verða þegar unnt verður að reisa þar mannvirki í framtíðinni.

Í Fréttablaðinu hinn 28. janúar 2016 birtist þá viðtal við Gunnar Einarsson bæjarstjóra Garðabæjar þar sem sem ítarlega var fjallað um ágreining aðila og forsendur tillögu til samkomulags sem landeigendur hafa gert bænum. Í fréttinni er þá vitnað til orða bæjarstjórans um að tilboði umbjóðenda minna hafi verið hafnað en viðræður muni halda áfram við þá. Umbjóðendur mínir vilja í því sambandi lýsa yfir óánægju sinni með það að Garðabær fari með slíkar tillögur í yfirstandandi samningaviðræðum, um mögulegar útfærslur að samkomulagi milli aðila, á vettvangi fjölmiðla. Sér í lagi eru umbjóðendur mínir óánægðir með að látið sé þar í veðri vaka að tillögur umbjóðenda minna endurspegli óeðlilega verðlagningu landsréttinda þeirra, sem ekki á við rök að styðjast.

Umbjóðendur mínir hafa allt frá upphafi samningaviðræðna lýst yfir vilja til samninga við Garðabæ vegna málsins. Hafa þeir nálgast slíkar viðræður með faglegum hætti með öflun óháðra verðmata, framsetningu formlegrar kröfugerðar og sáttafunda. Þá hafa samskipti umbjóðenda minna eingöngu átt sér stað í gegnum lögmenn bæjarins og án þess að lítið sé gert úr afstöðu Garðabæjar á vettvangi fjölmiðla.

Í ljósi bókunar bæjarráðs hinn 27. janúar 2016 um höfnun tillögunnar og ummæla bæjarstjóra Garðabæjar í Fréttablaðinu 28. janúar 2016 um að samningaviðræður muni halda áfram, og þeirra misvísandi skilaboða sem í þessu tvennu felst, er hér með skorað á Garðabæ að leggja fram innan 30 daga frá dagsetningu bréfs þessa, gagntilboð til landeigenda vegna málsins, eftir atvikum með greiðslu í formi lóða í Hnoðraholti sem hluta endurgjalds.

Verði svo ekki gert munu umbjóðendur mínir líta svo á að ekki sé lengur til staðar vilji af hálfu Garðabæjar til sáttar á málinu. Verður þá samningaviðræðum formlega slitið. Munu umbjóðendur mínir þá höfða dómsmál gegn Garðabæ til viðurkenningar á eignarrétti og innheimtu skaðabóta ásamt því að undirbúa og ráðstafa landréttindum þeirra til þriðja aðila með þeim hætti sem þeim þykir hagfelldast. Ennfremur er allur réttur áskilinn til hvers kyns hagnýtingar á eignarréttindunum innan ramma laga.

Virðingarfyllt,
f.h. Arnars Þórs Stefánssonar hrl.


Birgir Már Björnsson hdl.